

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minjasafnið Kört.

1. gr.

Heiti.

Sjálfseignarstofnunin heitir Minjasafnið Kört og starfar skv. lögum nr. 19/1988. Stofnunin stundar ekki atvinnurekstur.

2. gr.

Heimilisfang.

Heimilisfang stofnunarinnar er í sveitarfélaginu Árneshreppi.

3. gr.

Markmið.

Markmið stofnunarinnar er að halda utan um safnkost safnsins og þau menningarverðmæti sem fölgin eru í honum. Sjá um að gripir safnsins séu samviskusamlega skráðir í viðurkenndan gagnagrunn (Sarp). Sjá um að húsnæði safnsins sé í góðu standi og allur aðbúnaður safngripa sé í góðu lagi. Safnið skal starfa eftir mótaðri söfnunar-, sýningar- og fræðslustefnu sem skal miða að því að varpa ljósi á og efla þekkingu, skilning og áhuga almennings á viðfangsefnum safnsins. Ennfremur að miðla þekkingu til almennings með sýningarhaldi, uppákomum, fyrirlestrum og útgáfuverkefnum. Leitast skal eftir samstarfi við aðrar safnastofnanir, skóla, fræðimenn og aðra þá sem sinna sömu viðfangsefnum.

Ekki má farga gripum sem safnið hefur eignast. Safninu er ekki skylt að taka við munum ef sérstakar kvaðir fylgja um varðveislu þeirra.

Ráðstafa skal fjármunum sjálfseignarstofnunarinnar þannig að þeir renni til reksturs og viðhalds húsnæðis og eigna safnsins.

4. gr.

Stofnendur.

Stofnendur safnsins eru Valgeir Benediktsson, kt. 120349-4309 og Hrefna Þorvaldsdóttir, kt. 291251-4559. Stofnendur leggja fram kr. 1.045.000.

5. gr.

Stofnfé.

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 1.045.000, sem lagt er fram af stofnendum, sbr. 4. gr. Stofnfé er óskerðanlegt.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hún kann að eignast síðar. Stofnendur hafa engin sérréttindi í stofnuninni.

6. gr.

Stjórn.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð fimm mönnum til 5 ára í senn. Jafnframt skulu við kjör á aðalmönnum í stjórn kosnir tveir menn í varastjórn til sama tíma. Stofnendur tilnefna fyrstu stjórn, en eftirleidis mun fráfarandi stjórn við lok kjörtímabils kjósa nýja stjórn.

Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt umboð fyrir stofnunina.

Stjórnarfundir eru lögmatir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

7. gr.

Fundarboðun.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

8. gr.

Aðrar stjórnareiningar.

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður, en hann fer þó ekki með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir óska eftir og veita ber samkvæmt lögum.

9. gr.

Endurskoðendur.

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna stofnunarinnar.

10. gr.

Reikningsárið.

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta.

11. gr.

Breyting samþykktá, slit og sameining.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Sauðárkróki. Komi til niðurlagningar stofnunarinnar skal hreinni eign hennar varið til markmiðanna sem greint er frá í 3. gr. hér að ofan eða skyldra markmiða.

12. gr.

Staðfesting sýslumanns.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Sauðárkóki, 18. október 2013,

Björn Ingi Óskarsson.

Lára Kristín Gísladóttir.